

Ögurhvarfi 2. apríl 2019

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið
Borgartúni 12 – 14
105 Reykjavík

B/t. Agnesar Sif Andrésdóttir**Vegna: Viðvarandi halla á þjónustusamningi Áss styrktarfélags við Reykjavíkurborg**

Í 60 ár hefur Ás styrktarfélag veitt fólki með fötlun þjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Starf félagsins hefur verið farsælt og hefur það eftir bestu getu brugðist skjótt við breyttum aðstæðum einstaklinga og sveitarfélaga, bæði í búsetuþjónustu og Vinnu og virkni. Samkvæmt nágildandi þjónustusamningi við Reykjavíkurborg fá 40 íbúar stuðning í húsnæði í eigu félagsins og 185 manns koma til okkar í Vinnu og virkni auk 5 barna sem njóta sérþjónustu. Félagið hefur ævinlega leitast við að vera í fararbroddi og sinna vel þeim verkefnum sem það hefur tekið að sér á hverjum tíma.

Síðastliðin 4 ár hefur verið viðvarandi halli á þjónustusamningi félagsins við Reykjavíkurborg sem hér segir:

2015	kr. 6.100.248
2016	kr. 52.263.110
2017	kr. 13.890.455
<u>2018</u>	<u>kr. 26.821.328</u>
<u>Samtals</u>	<u>kr. 99.075.141</u>

Í ofangreindum tölum er ekki tekið tillit til kostnaðar við lífeyrisskuldbindingar B-deildar LSR, sem tilheyra ofangreindri þjónustu, né fjármagnskostnaðar félagsins sem rekja má til þessara liða.

Þessi hallarekstur er engan veginn ásættanlegur né í takt við getu félagsins. Ás styrktarfélag er sjálfseignarfélag sem ekki er rekið í ágóðaskyni. Það hefur ekki neina sjóði á bak við sig né aðrar tekjur til að sækja fé á móti hallarekstri. Eðli máls samkvæmt þurfa þjónustusamningar að standa undir sér enda er það lögbúið hlutverk sveitafélaga að sjá fötluðu fólki fyrir þjónustu. Viðvarandi halli félagsins á samningi við Reykjavíkurborg þýðir aðeins að félagið er nauðbeygt til að hætta allri þjónustu við Reykvíkunga.

Á árlegum fundum milli aðila hefur ítrekað verið farið yfir þessa stöðu. Henni hefur verið sýndur skilningur í orði af hálfu Reykjavíkurborgar og loforð verið veitt um að fara yfir málin. Efnidir hafa í raun verið engar fram til þessa. Í ljósi þessarar alvarlegu stöðu sendum við með bréfi þessu reikning fyrir halla ársins 2018 og óskum eftir viðræðum um hvernig bætt verði fyrir tap fyrri ára. Þá teljum við rétt að hefja endurskoðun þjónustusamnings Reykjavíkurborgar við Ás styrktarfélag með það að markmiði að nýr samningur verði frágenginn fyrir lok árs 2019.

Virðingarfyllst
f.h. Áss styrktarfélags

Ás styrktarfélag


Þóra Þórarinsdóttir, framkvæmdastjóri

Afrit sent til: Aðalbjargar Traustadóttur.